

01 Kennitala launamanns	Vinnulaun þ.m.t. orlofsfé, greiðslur launþ. í lífeyrissjóð, eftirlaun o.fl.	02	16 Ókutækjastyrkur	73 Þar af undanþ. staðgr.	19 Sjúkradagpeningar
Frádráttarbært iðgjald í lífeyrissjóð – 4% iðgjald í samþykktan lífeyrissjóð. (Sjá bakhlið)	03	05 Þar af laun vegna sjómennsku á fiskiskipum	17 Dagpeningar	74 Þar af undanþ. staðgr.	21 Greiðslur úr lífeyrissjóði
08 Númer lífeyrissjóðs	28 Húsnæðishlunnindi	06 Greiðslur til verktaka og verkstæða fyrir efni og vinnu	27 Fatahlunnindi	60 Bifreiðahlunnindi	33 Fæðishlunnindi
Þessi reitur fyllist út af ríkisskattstjóra			Greidd lífeyrisiðgjöld í sérsjóð (hámark 4% iðgjald)	63 Iðgjöld	64 Númer sérsjóðs
07 Nafn-heimili-póststöð launþega			30 Launagreiðandi-kennitala-heimili		
Samtölur skv. sundurliðun á staðgreiðslu RSK 5.06			Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður; hvaða?		
70 Launafjárhæð	71 Afdrögin staðgreiðsla				

RSK 2.01 22-10-2021

Eindregið er mælt með því að launamiðum sé skilað rafrænt á þjónustusiðu Skattsins, [www.skattur.is](http://www.skattur.is)

# Leiðbeiningar um útfyllingu einstakra reita á launamiða

**01 Kennitala launþega skal undantekningarlaust tilgreind á launamiða.**

**02 Vinnulaun:** Til vinnulauna teljast allar tegundir launa eða þóknana, greidd eða ógreidd, sem launþegi fær fyrir starf sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda. Sama er hverju nafni laun nefnast eða í hvaða formi þau eru eða í hverju endurgjaldið fyrir unnið verk er fólgið ef það verður talið til peninga. (Metin fæðishlunnindi skal færa í reit 33 og bifreiðahlunnindi í reit 60 sbr. skýringar við þá reiti. **Styrki til líkamsræktar og heilsueflingar skal færa í nýjan launamiðareit, reit 405).**

Til vinnulauna teljast einnig ákvæðislaun, biðlaun, nefndarlaun, eftirlaun, launauppbætur, staðaruppbætur, orlofsfé og greiðslur fyrir ótekið orlof. Ennfremur verkfæragjald eða verkfærapeningar, fatapeningar og þess háttar greiðslur, flutningspeningar eða greiðsla fargjalda milli heimilis og vinnustaðar, hvort sem framangreindar greiðslur eru reiknaðar sem hundradshluti launa eða á annan hátt, landgöngufé, mistalningsfé, risnufé og endurskoðunarlaun kjörinna manna. Einnig skal hér færa fæðispeninga sem launþegi fékk greidda hjá vinnuveitanda sínum, þar með taldir fæðispeningar greiddir í orlofi eða veikindum og þegar skip er í heimahöfn. **Stjórnarlaun skal færa í launamiðareit 220.**

**Af ofangreindum greiðslum á að hafa verið tekin staðgreiðsla opinberra gjalda hafi greiðslur ekki verið undanþegnar staðgreiðslu skv. reglugerð nr. 591/1987.**

**05 Par af laun vegna sjómennsku á fiskiskipum:** Hér skal tilgreina laun vegna sjómennsku á fiskiskipum, sem innifalin eru í launum í reit 02.

**03 Greitt í lífeyrissjóð:** Í þennan reit skal færa iðgjald greitt í samþykktan lífeyrissjóð á árinu 2021, að hámarki 4% af launum.

**08 Númer lífeyrissjóðs:** Í þennan reit skal færa númer þess lífeyrissjóðs sem greitt er í, sbr. reit nr. 03. Listi yfir númer lífeyrissjóða er á [www.rsk.is/listi](http://www.rsk.is/listi).

**06 Heildargreiðslur til verktaka, með virðisaukaskatti:** Verktaki telst sá einstaklingur eða lögaðili sem skv. samningi, skriflegum eða munnlegum, tekur að sér að vinna ákveðið verk eða að inna af hendi ákveðna þjónustu gegn endurgjaldi. Verktaki ber ábyrgð á verkinu og honum ber að standa skil á launatengdum gjöldum og öðrum kostnaði vegna starfsemi sinnar. Aðili sem hefur menn í þjónustu sinni og greiðir þeim laun (launagreiðandi) ber aftur á móti ábyrgð á launatengdum gjöldum af launum þeirra.

**Gæta skal þess** að færa í þennan reit ekki aðeins greidda fjárhæð á árinu heldur fulla útgjalda fjárhæð sem stofnað hefur verið til á árinu. (Það sem kann að vera ógreitt færirst til skuldar á framtali greiðanda).

**63 Iðgjöld:** Í þennan reit skal færa iðgjald launamanns sem verið var til aukningar lífeyrisréttinda á árinu 2021, að hámarki 4% af launum ársins. Gjaldið þarf að hafa verið greitt í lífeyrissjóð eða annan sjóð sem fellur undir 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

**64 Númer sérsjóðs:** Í þennan reit skal færa númer þess sjóðs sem viðbótariðgjald er greitt í, sbr. reit nr. 63. Listi yfir númer lífeyrissjóða er á [www.rsk.is/listi](http://www.rsk.is/listi).

**16 Ökutækjastyrkur:** Allar greiðslur til launþega fyrir afnot af ökutæki hans skal færa í þennan reit, hvort sem þær miðast við fastákveðna fjárhæð á ári, eigna kílómetra, endurgreiðslu rekstrarkostnaðar eða eru ákvarðaðar á annan hátt.

**73 Par af undanþ. staðgreiðslu:** Hér skal færa þá fjárhæð ökutækjastyrks sem ekki skal greidd af staðgreiðsla skatta, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

**17 Dagpeningar:** Hér skal tilgreina fjárhæð dagpeninga og annarra ferðapeninga greidda launþegum vegna ferða og námskeiða, svo og þjálfunar og eftirlitsstarfa á vegum vinnuveitanda. Ferðapeninga sem launþegi hefur fengið endurgreidda hjá vinnuveitanda sínum skv. kostnaðarreikningum frá þriðja aðila skal ekki færa hér.

**74 Par af undanþ. staðgreiðslu:** Hér skal færa þá fjárhæð dagpeninga sem ekki skal greidd af staðgreiðsla skatta, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

**19 Sjúkradagpeningar:** Hér skal tilgreina greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga.

**21 Greiðslur úr lífeyrissjóði:** Hér skal færa greiðslur úr lífeyrissjóði. Eftirlaun frá launagreiðanda skal hins vegar færa í reit 02.

## Ýmsar greiðslur og hlunnindi í krónum talið

Á launamiða (jafnt á pappírsmiða sem á tölvutæku formi í LS-færslu) skal tilgreina með viðeigandi tölu (kóða) og fjárhæð:

**04** Hlutabréf á undirverði (mismunur á gangverði og afhendingarverði).

**09** Styrkir til náms, rannsóknar- og vísindastarfa.

**26** Skattfrjáls verðlaun, heiðurslaun og happdrættisvinningar.

**32** Skattskyld verðlaun, heiðurslaun og happdrættisvinningar.

**56** Endurgjald til höfunda eða réttihafa fyrir hvers konar hugverk, bókmenntir og listir eða listaverk, hvort sem um er að ræða greiðslu fyrir afnot eða kaup. Greiðslur fyrir einkaleyfi, framleiðslurétt, útgáfurétt og sérþekkingu.

**Ath. Í launamiðareit 56 færast eingöngu svona greiðslur til lögaðila (félaga). Svona greiðslur til einstaklinga, aðrar en höfundarréttargreiðslur vegna síðari afnota höfundarverks (sem telja skal til fjármagnstekna), skal færa í launamiðareit 82 ásamt skýringu. Fjármagnstekjuskattskyldar höfundarréttargreiðslur til einstaklinga skal færa í launamiðareit 230 og staðgreiðslu af þeim í reit 231.**

**57** Verkfallsstyrkur.

**58** Björgunarlaun.

**59** Skaðabætur og sambærilegt bótafé greitt af launagreiðanda (t.d. vegna sjúkdóma, slysa, atvinnutaps eða launamissis).

**61** Styrkir og styrktarfé (úr hvers konar sjóðum opinberra stofnana, félagsamtaka, stéttarfélaga eða annarra aðila sem ekki falla undir kóða 09 eða 405).

**62** Félagsleg aðstoð (frá sveitarfélögum).

**65** Leigutekjur.

**67** Húsnæðisbætur / sérstakur húsnæðisstuðningur.

**69** Skattskyldar greiðslur tryggingafélaga.

**72** Aðrar bætur og styrkir frá sveitarfélögum (sem ekki falla undir kóða 09, 59, 61 og 62).

**89** Óskattskyldar greiðslur tryggingafélaga.

**220** Stjórnarlaun.

**230** Fjármagnstekjuskattskyldar höfundarréttargreiðslur.

**231** Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts af höfundarréttargreiðslum.

**405** Styrkir til líkamsræktar og heilsueflingar (Íþróttastyrkir).

**410** Samgöngustyrkir.

Á launamiða (jafnt á pappírsmiða sem á tölvutæku formi í LA-færslu) skal alltaf tilgreina með viðeigandi tveggja stafa tölu (kóða), **ásamt frjálsum texta, sem skýrir eðli greiðslunnar**, og fjárhæð:

**11** Endurgreiddur útlagður kostnaður.

**34** Önnur hlunnindi.

**82** Aðrar skattskyldar greiðslur.

**93** Aðrar skattfrjálsar greiðslur.

Önnur hlunnindi en bifreiða-, fata-, fæðis- eða húsnæðishlunnindi, sem áður voru sett í reit 29 á launamiða ásamt skýringu, skulu skv. ofangreindu kóðuð 34.

Aðrar skattskyldar greiðslur, ótaldar annars staðar, sem áður voru settar í reit 29 á launamiða ásamt skýringu, eru kóðaðar 82.

Skattmat vegna ýmissa greiðslna og hlunninda má nálgast á vefsíðu Skattsins.

**30 Launagreiðandi:** Tilgreina þarf fullt nafn, kennitölu og heimilisfang launagreiðanda.

**Ef um er að ræða einstaklingsfyrirtæki skal tilgreina nafn og kennitölu eiganda.**

**27 Fatahlunnindi:** Hér skal færa fjárhæð metinna fatahlunninda (fatnaður sem launþegi fær án endurgjalds) samkvæmt auglýstu skattmati ríkisskattstjóra.

**28 Húsnæðishlunnindi:** Hér skal færa fjárhæð metinna húsnæðishlunninda (húsnæði sem launþegi fær án endurgjalds) samkvæmt auglýstu skattmati ríkisskattstjóra.

**33 Fæðishlunnindi:** Hér skal færa fjárhæð metinna fæðishlunninda samkvæmt auglýstu skattmati ríkisskattstjóra.

**60 Bifreiðahlunnindi:** Hér skal færa fjárhæð bifreiðahlunninda sem metin hafa verið til tekna skv. auglýstu skattmati ríkisskattstjóra.

**70 og 71 Sundurliðun á staðgreiðslu:** Í reit 70 skal færa samtölu úr sundurliðun á staðgreiðslu ársins samkvæmt skilgreinum RSK 5.06, **þ.e. greiðslur sem staðgreiðsla hefur verið greidd af.** Í reit 71 skal færa afdregna staðgreiðslu samtals, samkvæmt skilgreinum RSK 5.06.